

Á afmæli

V. 29. nóv. 1939

Jónasar Hallgrímssonar.

I.

Það var vel til fundið af Útvarpinu að minnast afmælis Jónasar og ákveða að gera það framvegis. Það var gert með því, að vér fengum að heyra þaðan í kvöld hátíðalag Johans Svendsens, sem óefað er eitt af allra fegurstu lögum, sem til eru. Takið eftir hversu langt þetta norska lag ber af lögum sömu tegundar eftir Chopin og jafnvel Tsjaikóvski. Slikt lag er gott að heyra fyrir þann, sem trúir á nauðsyn og möguleika norrænnar forustu. En of sjaldan ber slíka hátíð að höndum, því að Útvarpið er spart á hin góðu lögin, og þá einkum, ef það eru Norðurlandalög. Mætti í því sambandi vekja eftirtekt á því, að vér skyldum jafnvel ekki á þessari afmælishátíð fá að heyra lag Sveinbjörnssonar við „Fífilbrekka gróin grund“, sem er tiltakanlega gott, en Þórarinn Guðmundsson segir mér að það sé þjóðlag, eða að Sveinbjörn hafi ort þar upp þjóðlag. En hinn fagra bragarhátt tók Jónas eftir Adelbert von Chamisso, líkt og hann hafði kveðið „Gunnarshólma“ undir himinhendu Dante. En Chamisso var snillingur bæði sem náttúrufræðingur og sem skáld, alveg eins og Jónas.

II.

Þá hefði einnig verið ástæða til að vér fengjum að heyra þetta kvöld, lag sem hið vinsæla tónskáld Sigvaldi Kaldalóns hefir gert við „Nú andar suðrið sæla“, en mér var ókunnugt um, er eg einhverntíma það ísl. tónskáld um lag við þetta yndislega ljóð. Jóhannes úr Kötlum hafði það yfir í útvarpserindi sínu um Jónas Hallgrímsson s.l. sunnud. Kom mér þá í hug sem oftast, hvort Jónas mundi ekki kveðið hafa „Ó, heilsíð öllu heima rómi bliðum“, þó að í útgáfum standi „öllum“. Jóhannes talaði fyrir börnin og mintist því ekki á, að Jónas var útlagi íslensku þjóðarinnar og varð úti. Kuldinn meiri en svo að honum væri líft. Var þar sá mannskaði, sem ekki varð bættur. Íslensk menning væri með öðrum og fegri brag, ef Jónas Hallgrímsson hefði lifað svo sem 20—30 árum lengur, eins og ekki er ólíklegt að orðið hefði, ef hann hefði átt meiri greind að mæta. Og ennþá er, því miður, greindin gagnvart sannleika, snild og réttlæti ekki meiri en það, að mikil hætta er á að öll íslenska þjóðin verði úti, án þess að hún fái unnið það hlutverk sem henni er ætlað að vinna í sögu mannkynsins.

III.

Pálmi Hannesson rektor las upp úr ritum Jónasar og var það vel til fallið þar sem Pálmi er bæði í tölu þeirra manna, sem best þekkja náttúru Íslands og best rita málið. En mig furðar dálítið á því, að Pálmi skyldi ekki lofa okkur að heyra hvernig Jónas tekur á málinu þegar hann ritar um vísindaleg efni, jarðfræði eða stjörnufræði, því að ekki kemur þá siður í ljós málsnild hans. Það er ömurlegt til þess að hugsa, að Jónas Hallgrímsson skyldi verða að verja miklum hluta þess tíma, er hann

sat við skrifborðið, til að rita dönsku, þar sem snild hans gat vitanlega hvergi nærri notið sín eins. Mér kemur í hug í þessu sambandi, að hvetja enn til þess, að Íslendingar setji sér það takmark að vinna að því að hver mentaður maður á Norðurlöndum telji sjálfsagt að geta lesið íslensku. Það væri svo auðvelt, ef aðeins tækist að vekja áhuga á þessu. En það yrði óefað til þess, m. a., að hefja andlegt líf á Norðurlöndum á hærra stig, og eins, að gera Íslendinganiðjum í Vesturheimi auðveldara um að varðveita málið. Menn eru hér heima of kærulausir um þetta efni. Það mætti t. d. gera gagn með því að benda við og við á málvillur, sem eru farnar að gera vart við sig, jafnvel hjá þeim, sem best rita vestanhafs; t. d. er í „Heimskringlu“ nú fyrir skömmu löng og skemtíleg ferðasaga eftir dr. Sig. Júl. Jóhannesson, skáld og lækni. Man eg að hann kemst þar svo að orði, að hann hafi mætt einhverjum (sbr. met him), þar sem íslenska orðið er „að hitta“.

16. nóv. Holgi Pjeturss.